

5

22. febr.

13. gr.

Ráðherra getur sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um útbúnað kjötbúða og annað, sem lýtur að verzlun með sláturfjárafurðir, og um það, hverjar vörur aðrar megi selja í kjötbúðum en þær, sem um ræðir í lögum þessum. Ráðherra getur einnig sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um atvinnurekstur við tilbúning matvæla úr sláturfjárafurðum, svo sem pylsugerð, niðursuðu sláturfjárafurða og annað því um líkt.

14. gr.

Nú flytur einhver eða lætur flytja út kjöt til sölu á erlendan markað eða til sölu innanlands án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um læknisskoðun, merkingu, mat og flokkun, og varðar það sektum frá kr. 500.00 til 25 000.00. Önnur brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10 000.00. Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Um refsingu fyrir brot kjötskoðunarlækna, yfirkjötmatsmanna og kjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer sem um refsingu fyrir brot opinberra starfsmanna.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 39 frá 19. júní 1933, um kjötmat o. fl., lög nr. 3 frá 1. febrúar 1936 og lög nr. 115 30. des. 1943, um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, svo og reglugerðir þær, sem settar hafa verið, og auglýsingar, sem út hafa verið gefnar samkvæmt þeim lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga þessara skal heimilt fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, að selja afurðir af sláturfénaði, öðrum en sauðfé, sem slátrað hefur verið utan löggiltra sláturhúsa, enda séu afurðirnar skoðaðar og merktar af dýralækni eða öðrum þeim, er kjötskoðun annast, og metnar af kjötmatsmanni og meðferð vörunnar óaðfinnanleg að þeirra dómi.

Gjört að Bessastöðum, 22. febrúar 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

6

23. febr.

L Ö G

um afnám laga nr. 54 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 30 20. október 1913, um umboð þjóðjarða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 54 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 30 20. október 1913, um umboð þjóðjarða, skulu úr gildi felld.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

6

23. febr.

Gjört að Bessastöðum, 23. febrúar 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Asgeirsson.

FORSETABRÉF

7

24. febr.

um heiðursmerki Rauðakross Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Stjórnendur Rauðakross Íslands hafa farið þess á leit, að gert verði heiðursmerki, sem sæma megi íslenzka menn og erlenda, er inna af höndum mannúðarstörf, sem mikils þykir um vert. Að ráði forsætisráðherra fellst ég á, að efnt verði til slíks heiðursmerkis, og skulu um það gilda eftirfarandi reglur:

1. gr.

Heiðursmerkið er í tveimur stigum. Fyrra stigið er hvítsteindur kross, gullbryddur. Armar krossins eru breiðastir yzt og tjúgumyndaðir. Á framhlið krossmarksins er blár hringur og á hann mörkuð gullnu letri kjörorð Rauðakross Íslands: CARITATE SANITATE. Milli arma krossmarksins, utan bláa hringsins, eru felldir mislangir geislar úr gulli. Innan bláa hringsins er hvítur flötur og á hann dregið hið alþjóðlega merki Rauðakrossins. Bakhlið merkisins er um það eitt frábrugðin, að áletrunin er þar: BENEFACORIBUS RKÍ.

Heiðursmerki fyrra stigs er 4.5 sentimetrar að þvermáli.

Annað stig heiðursmerkisins er eins og hitt, nema fimmtungi minna og silfur í stað gulls.

Heiðursmerki fyrra stigs skal bera um hálsinn í silkibandi með fánalitum Íslands, þannig að rautt sé í miðju, hvítt til hvorrar hliðar, en blátt yzt. Bláu rendurnar skulu hvor um sig jafnbreiðar báðum hinum.

Heiðursmerki annars stigs skal borið á brjóstinu vinstra megin í litbandi sömu gerðar.

Eigi má bera litbandið eitt í neins konar formi sem orðumerki.

2. gr.

Heiðursmerki þessu má sæma íslenzka menn og erlenda, er þess þykja verðir af störfum sínum að mannúðarmálum.

3. gr.

Forseti veitir heiðursmerkið.

4. gr.

Forseti skipar þrjá menn í nefnd, er geri tillögur um veiting heiðursmerkisins. Einn skal skipa eftir tillögu forsætisráðherra og sé hann félagi Rauðakross Íslands, annar sé formaður Rauðakross Íslands, en hinn þriðji formaður orðunefndar hinnar íslenzku fálkaorðu. Forseti skipar einhvern þeirra formann nefndarinnar, samkvæmt tillögu forsætisráðherra.